

Mál nr. 380/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Tilkynningarfrestur. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 9. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 15. desember 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður fjórhjóls sem leigt var hjá tilteknu fyrirtæki hinn 4. júlí 2021 þegar hún slasaðist við að missa stjórn á fjórhjólinu. Í lögregluskýrslu kemur fram að M kveðst hafa verið að aka á eftir öðru fjórhjóli þegar hún missti sjónar á veginum um stund og áttaði sig ekki á því að hún væri að koma að brekku sem leiddi til þess að hún varð hrædd og missti stjórn á fjórhjólinu, ók utan í grjót og velti hjólinu og fékk það að hluta ofan á sig. Vitni voru að atvikinu og var M flutt á sjúkrahús í kjölfar atviksins. Gögn eru um læknisheimsóknir M í málinu og rannsóknir og tveimur dögum eftir atvikið var hún greind með tognun á háls-, brjóst- og lendhrygg sem og tognun á mjöðm og úlnlið. Í læknisfræðilegum gögnum er heimsóknum M til læknis lýst ásamt upplýsingum um að beiðni um sjúkraþjálfun hafi verið gefin út vegna sömu áverka 9. ágúst 2021, einnig liggur fyrir undirrituð beiðni um sjúkraþjálfun dagsett 18. október 2022 með tilvísun til tjónsatviksins, sem og skýrsla frá sjúkraþjálfara dags. 18. nóvember 2022. Líkamstjón M var tilkynnt til V með tjónstilkynningu dags. 28. október 2022.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda fjórhjólsins X og vísar í fyrsta lagi til þess að tjón M hafi ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrests 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í því samhengi vísar V til þess að M hafi eingöngu leitað til læknis strax eftir atvikið og ekki aftur eftir það vegna afleiðinga slyssins áður en það var tilkynnt til V 28. október 2022. Ekki liggi fyrir hver meðferð M hafi verið hjá sjúkraþjálfara eftir að beiðni hafi verið gefin út í slíka hinn 9. ágúst 2021. V telur að M hafi í síðasta lagi haft vitneskju um líkamstjón sitt þegar hún leitaði til læknis og fékk umrædda beiðni 9. ágúst 2021 og hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga því verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt og vísar til Hrd. 107/2009 varðandi það að slysáttrygging ökumanns í skilningi þágildandi umferðarlaga sé persónutrygging skilningi laga um váttryggingarsamninga og þannig gildi 1. mgr. 124. gr. laganna um váttrygginguna. Í öðru lagi telur V að líkamstjón M hafi komið til vegna þess að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur fjórhjólsins þar sem hún hafi ekið því án þess að hafa öðlast ökuréttindi. V vísar til þess að ekkert komi fram í gögnum málsins um að M hafi haft hæfni til aksturs án ökuréttinda og að það séu orsakatengsl milli þess að M hafi ekki öðlast ökuréttindi og þess að hún missti stjórn á fjórhjólinu í greint sinn. Þannig hafi M brotið gegn ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019 og að ekki skipti máli hvar M hafi ekið í greint sinn. Einnig vísar V til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu í gr. 4.1. í skilmálum félagsins um ökutækjatrýggingu. V vísar til dóma og úrskurðafráframingar og telur hægt sé að takmarka ábyrgð félagsins að hálfu vegna stórkostlegs gáleysis með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga.

M vísar í málskoti til þess að V geti ekki beitt tilkynningarfresti þar sem um skaðatryggingu sé að ræða en ekki höfuðstólstryggingu. Einnig telur M að skoða verði heildarmynd varðandi slys hennar og vísar til ábyrgðar þess fyrirtækis sem leigði henni fjórhjólið sem hún var á þegar hún slasaðist og að hún hafi ekki verið að aka á vegi heldur vegslóða. Einnig vísar M til laga nr. 65/2015 um starfsábyrgðartryggingu leigusala og laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og dóms héraðsdóms í tíð eldri laga um slíkar ferðir. Einnig vísar M til þess að hún hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur og slys hennar hafi orðið vegna rykmökks frá ökutæki á undan henni og því hafi ekki verið orsakatengsl milli réttindaleysis hennar og slyssins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist hinn 4. júlí 2021 við akstur fjórhjóls. Beiðni um sjúkraþjálfun var gefin út vegna afleiðinga áverka sem M hlaut í slysinu hinn 9. ágúst 2021 og aftur í október 2022, auk þess sem meðferð sjúkraþjálfara er lýst í skýrslu dags. 18. nóvember 2022. Verður ekki af þeim gögnum talið sannað að M hafi vitað um atvik sem kröfur hennar um bætur vegna varanlegs líkamstjóns eru byggðar á meira en ári áður en tjón hennar var tilkynnt til V, hinn 28. október 2022. Er því ekki fallist á að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn, en hann gildir um umrædda váttryggingu þar sem hún er persónutrygging í skilningi laganna og hefur tilvísun lögmanns M til orðskýringa um höfuðstólstryggingu ekki þýðingu hvað það varðar.

Í málinu liggur einnig fyrir að M slasaðist við aksturs fjórhjólsins, sem hún leigði án þess að hafa ökuréttindi til að aka slíku hjóli, en ekki verður lagt til grundvallar að M hafi verið neydd til þess að aka fjórhjólinu í greint sinn. Viðbrögð M við ástæðum verður að telja beintengd við reynsluleysi hennar af akstri fjórhjóla og hefur möguleg háttsemi starfsmanna fjórhjólaleigunnar eða það hvort M ók á vegi eða vegslóða ekki bein áhrif á mat á stórkostlegu gáleysi hennar í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem gilda um þá váttryggingu sem hún gerir kröfu um bætur úr hjá V. Mat á háttseminni tekur mið af því að M hafði ekki ökuréttindi til að aka fjórhjóli í greint sinn og í ljósi þess að slík ökutæki geta verið hættuleg telst stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu að hafa ekið því auk þess sem hún braut gegn varúðarreglu ákvæðis váttryggingarskilmála í gr. 4.1. Orsakatengsl eru á milli réttindaleysis hennar og þess að slysið varð og var sök hennar nokkur í skilningi 1. mgr. 90. gr. fyrrnefndra laga auk þess sem hún fór gegn mikilvægri varúðarreglu. Verður því lagt til grundvallar að V geti takmarkað ábyrgð sína um helming (50%) af heildarlíkamstjóni M vegna slyssins 4. júlí 2021.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutækis ökutækisins X hjá V en bótaréttur hennar takmarkast við helming af heildartjóni hennar.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir